Leikárið 1989

Árið sem nú líður hefur verið tíðindafátt á yfirborðinu, leiksýningar hafa verið í meðallagi, þótt ekki gæti enn samfellu í starfi íslenskra leikhúsa, markvissrar stefnu með rannsóknum í stíl, lífsskoðun og list. Umræða meðal leikhúsfólks er lítilvæg og af skornum skammti, enda sækja nú að stéttinni og leiklistinni hættur sem geta reynst leikhúslífinu skaðvænlegar um tíma.

Borgarleikhús opnar

Mestum tíðindum sætir vígsla Borgarleikhússins á þessu ári. Loksins hafa unnendur listarinnar eignast gott og vel tæknivætt hús. Reynsla á eftir að leiða í ljós ágalla þess og kenna starfsfólki á tækið, en hitt er jafn víst að nýtt húsnæði krefst aukningar á starfsemi Leikfélagsins og um leið aukins fjármagns í rekstur þess.

Peningar halda áfram að vera til vansa í listrænni starfsemi leikhópa. Þótt þar sé afl þeirra hluta sem gera skal. Á samþykktum fjárlögum var dregið úr fjárveitingum til Þjóðleikhússins og sjálfstæðra leikhópa. Þar með er ekki einungis þrengt að stéttinni, heldur er listastarfsemi af þessu tagi takmörkuð og óttast ég að á komandi ári verði um verulegan samdrátt að ræða í smærri sýningum, nýmæli hvers konar hverfi af sjónarsviðinu um hríð.

Þjóðleikhús lokar

Enn er óljóst þegar þetta er ritað hvað verður um starfsemi Þjóðleikhússins á komandi ári og hefur verið haldið á svonefndum endurreisnarmálum þess af einstökum aulaskap og var þó ekki á raunir þess fyrirtækis bætandi eftir að rekstrarskýrsla hússins leit dagsljósið á liðnu hausti. En þau mál öll og úrslit þeirra verðskulda lengra rit, lengra mál. Þó má segja að brátt verður að linna því ófremdarástandi sem ríkir í málefnum þessa höfuðvígis leiklistar í landinu.

Ríkisútvarp – Hljóðvarp

Af þeim vettvangi er einnig að vænta stórvirkja á þessu ári, því í dag verður þar flutt leikrit Ibsens um Sólnes byggingameistara. Mér sýnist að leiklistardeildin verði um sinn helsta skjól íslenskra leikskálda og þjálfunarbúðir fyrir stærri átök. Margt hefur verið ljómandi vel gert á þeim vettvangi og er ástæða til að menn fylgist með því starfi sem þar er unnið.

Afrek ársins

Í mínum huga hefur leikhópurinn Emelía sýnt einna mesta dirfsku í verkefnavali og vinnu. Ólafía Hrönn Jónsdóttir hefur á þessu ári sýnt jafna og samstíga framþróun í hverju hlutverkinu á fætur öðru. Erlingur Gíslason hefur á þessu ári sannað einu sinni enn hvílíkur afburðamaður hann er á þessu sviði. Þessi þrenning sýnir það og sannar, að enn eru glæður í leik á Íslandi sem geta blossað upp og skinið skært í annars myrkum heimi.

pbb



Ólafía Hrönn Jónsdóttir í sýningu Alþýðuleikhússins á Ísuðum gellum


Viðburðaríkt myndlistarár

Er hægt að segja um myndlistina að hún eigi sér einhverja stefnu? Að það sé einhver þróun í gangi sem stefni að ákveðnu myndmáli, ákveðinni formrænni niðurstöðu? Að myndlistin eigi sér sögu sem búi yfir einhverju sjálfstæðu og óháðu löggengi er stefni að einhverju óséðu marki?

Flestir myndu svara þessari spurningu neitandi. Að slík lögmál væru ekki til og jafnvel þótt einhverjir tryðu þessari firru, þá fæli hún jafnframt í sér að listamaðurinn væri ómyndugur í því sem hann er að fást við.

Engu að síður getum við rekið í gegnum listasöguna vissa rökræna þróun, sem leitt hefur á ólíkum tímum til ólíkra en þó rökrænna niðurstaðna. Listin hefur lengst af verið háð fortíðinni og sögunni með afgerandi hætti. Og listamenn hafa meðvitað eða ómeðvitað kallast á við fortíðina í sköpunarstarfi sínu. Listin er þannig sögulegur arfur og listamaðurinn sögulegt afsprengi þróunar sem á sér víðar og djúpar rætur. Ekki bara í listasögunni, heldur í allri menningarsögunni. Og ekki bara í menningarsögunni, heldur líka í hinni líffræðilegu þróunarsögu mannsins. Höndin og augað eiga sér líffræðilega og menningarlega þróunarsögu. Hvort að baki þeirrar þróunar liggi eitthvert yfirskilvitlegt og æðra markmið getum við látið liggja á milli hluta að svo stöddu.

Því eru þessar spurningar viðraðar hér, að þegar við spyrjum okkur hvert stefni í íslenskri myndlist, þá verður það að vera á hreinu, hvort yfirleitt sé skynsamlegt að tala um stefnu. Eða markmið. Og þá á hvaða forsendum. Hér skal því til svarað í stuttu máli, með því að vitna í Brynjólf Bjarnason: Lögmálið og frelsið eru tvær hliðar á sama



Málverkagjöf Errós til Reykjavíkurborgar voru stærstu tíðindin úr myndlistarheiminum á árinu sem er að líða. Myndin sýnir listamanninn við eitt verka sinna.

mundssonar, sem var ein af minnisstæðustu sýningum ársins. peningnum. Án annars væri hitt ekki til. Án innsýnar í söguna getur maðurinn ekki öðlast frelsi til þess að móta hana. Án slíkrar innsýnar er hann viljalaust verkfæri ríkjandi aðstæðna.

Ef við horfum á það sem gerst hefur í íslenskri myndlist á liðnu ári, þá vekur það ýmsar vonir. Við höfum séð hér sýningar ungra listamanna sem af þekkingu og skilningi hafa náð þeim árangri að skapa nýtt myndmál á gömlum grunni og hafa þannig áhrif á þróun sögunnar. Og það er í sjálfu sér ekki lítill árangur.

Myndlistarárið byrjaði með skemmtilegri sýningu á norrænni vefjarlist að Kjarvalsstöðum. Það var minnisverð sýning, af því að hún var stefnumótandi. Og svo kom sýning Kristjáns Guð-

Málverkasýning Kjartans Ólafssonar að Kjarvalsstöðum var einnig minnisstæð. Þar var sleginn nýr tónn í íslensku málverki, sem vafalaust á eftir að segja til sín þegar fram í sækir. SÚM-sýningin var líka eftirminnileg, þótt gildi hennar hafi fyrst og fremst verið sögulegt. Þá má ekki gleyma hinni eftirminnilegu sýningu Helga Þorgils Friðjónssonar að Kjarvalsstöðum í apríl–maí og nemendasýningu Myndlista- og handíðaskólans á sama stað, sem var einhver eftirminnilegasta nemendasýning sem lengi hefur sést. Í heild má segja að fyrri helmingur ársins hafi verið óvenju frjór og nýskapandi, þarna komu fram hlutir sem gefa tilefni til verulegrar bjartsýni.

Helsti listviðburður sumarsins var svo Epinal-sýningin á Kjarvalsstöðum, sem sá er þetta ritar missti því miður af vegna fjarveru, en þar var boðið upp á sýnishorn af mörgu því frjóasta sem gerst hefur í evrópskri myndlist síðustu áratugina.

Undir haustið kom svo Errósýningin að Kjarvalsstöðum, sem sló öll aðsóknarmet og var einn af stórviðburðum ársins. Sýning norska málarans Arvids Pettersen er líka eftirminnileg og sama má segja um sýningu Svövu Björnsdóttur í Norræna húsinu. Sjaldan hefur íslenskur listamaður sýnt jafn markviss vinnubrögð á sinni fyrstu einkasýningu.

Að síðustu má svo ekki gleyma hinni glæsilegu yfirlitssýningu Listasafns Íslands á verkum Jóns Stefánssonar, en slíkar sýningar eru partur af því hlutverki safnsins að halda til haga sögu íslenskrar myndlistar. Yfirlitssýning Júlíönu Sveinsdóttir var í sama tilgangi gerð, en gaf því miður ekki fullnægjandi heildarmynd af listakonunni.

Af öðrum minnisverðum tíðindum úr heimi myndlistarinnar má nefna lokasýninguna í Nýlistasafninu í aprílmánuði. Það var verðugur endapunktur á merku starfi, en enn er óljóst hver framtíð safnsins verður.

Þá er listaverkagjöf Errós til Reykjavíkurborgar einn af stórviðburðum ársins á myndlistarsviðinu, og á vonandi eftir að leiða til þess að við eignumst lifandi listamiðstöð að Korpúlfsstöðum. Opnun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefur einnig gert höfuðborgina auðugri, ekki bara að aðgengilegri myndlist, heldur með alhliða menningarstarfsemi.

Fjölmargar áhugaverðar sýningar eru ótaldar í þessum pistli, sem gefur til kynna þá ótrúlegu grósku, sem þrátt fyrir allt er í íslenskri myndlist. Framboð á sýningum og gæði eru þegar á heildina er litið undraverð og sýna að við eigum dugmikið lið myndlistarmanna sem hefur boðið birginn því aðstöðuleysi og þeim ytri starfsskilyrðum, sem myndlistarmenn búa annars við hér á landi og eru í mörgu til skammar.

Að lokum skal svo minnst þeirra myndlistarmanna sem létust á árinu. Myndhöggvarafélagið sá eftir þeim félögunum Ragnari Kjartanssyni og Jóni Gunnari Árnasyni á vordögum, og Karl Kvaran listmálari lést á miðju sumri. Þar fóru brautryðjendur, hver á sínu sviði, sem mikill sjónarsviptir er að.

En þegar horft er til baka getum við kvatt árangursríkt myndlistarár og horft eftirvæntingarfull fram á veginn. **–ólg**